

## Vöktunaráætlun

Áætlun um umhverfisvöktun Gert er ráð fyrir að umhverfisvöktun við kvíaeldi Rifóss hf. sé þrjúþætt. Í fyrsta lagi vöktun á botninum, lífríki hans og eiginleikum. Í öðru lagi vöktun á blaðgrænu í vatnsbol til að fylgjast með ofauðgun. Í þriðja lagi vöktun á umhverfisþáttum í vatnsbol.

**Yfirlit yfir vöktunarpætti í Lónum í Kelduhverfi vegna kvíaeldis Rifóss hf.**

Vöktunarpáttur	Aðferðafræði	Staðsetning	Tíðni
Súrefni	Súrefnismælir, framkvæmt á 2 metra bili frá yfirborði að botni	Framkvæmt frá kvíum	Að lágmarki mánaðarlega
Hitastig	Hitamælir, framkvæmt á 2 metra bili frá yfirborði að botni	Framkvæmt frá kvíum	Að lágmarki mánaðarlega
Selta	Seltumælir, framkvæmt á 2 metra bili frá yfirborði að botni	Framkvæmt frá kvíum	Að lágmarki mánaðarlega
Ofauðgun	Blaðgrænumælingar, sýni tekið á 1 m dýpi, mælt með ljósgleypnimæli	Miðja vegu milli kvía og bryggju	Vikulega
Lífrænt efni í botnseti	Sýnataka með botngreip. Efnagreiningar á rannsóknarstofu	10 staðsetningar sem valdar verða við athugun 2013	Á þriggja ára fresti
Kopar	Sýnataka með botngreip. Efnagreiningar á rannsóknarstofu	10 staðsetningar sem valdar verða við athugun 2013	Á þriggja ára fresti
Botnlíf	Sýnataka með botngreip. Greiningar á rannsóknarstof	10 staðsetningar sem valdar verða við athugun 2013	Á þriggja ára fresti
Ástand botns	Sýnataka með botngreip. Ástand metið við sýnatöku	10 staðsetningar sem valdar verða við athugun 2013	Á þriggja ára fresti



1. mynd. Lón í Kelduhverfi. Fyrirhugaðir sýnatökustaðir fyrir botnsýni eru sýndir sem gulir punktar.